

TAUGASÁLFRÆÐI

E-807-TAUG



Ár: 1. ár

Önn: Vorönn

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Kennari: María K. Jónsdóttir

Lýsing: Markmið námskeiðsins er að nemendur fái góða innsýn í starfshætti klínískra taugasálfræðinga og hvernig taugasálfræðilegt mat fer fram, læri um kosti þess og galla og þær gryfjur sem þarf að varast við túlkun taugasálfræðilegra gagna. Stefnt er að því að gera nemendur vakandi fyrir taugasálfræðilegum einkennum svo þeir geti, í starfi sínu sem almennir sálfræðingar, komið auga á þessa erfiðleika í viðtölum, mismunagreiningu og meðferðarstarfi, og gert sér grein fyrir hvenær þörf er á ítarlegu taugasálfræðilegu mati. Þetta er stutt námskeið svo megináhersla verður á heilaáverka og heilabilun, ekki er unnt að fara yfir alla sjúkdóma sem valda hugrænni skerðingu. Einnig verður fjallað um tengsl taugasálfræði og sálmeinafræði. Skoðuð verða taugasálfræðileg próf og sjúklíngadæmum fléttað inn í kennslu eins og kostur er. Einungis verður fjallað um taugasálfræði fullorðinna.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

Þekking

- Nemandi þekki sögulega þróun og grundvallaratriði í taugasálfræðilegri prófun fullorðinna.
- Nemandi þekki til helstu aðferða og prófa sem klínískir taugasálfræðingar nota með fullorðnum.
- Nemandi skilji gagnsemi og helstu takmarkanir og túlkunarerfiðleika í taugasálfræðilegu mati.
- Nemandi kunni skil á taugasálfræðilegum afleiðingum heilaáverka og erfiðleikum í greiningu vægra heilaáverka.
- Nemandi kunni skil á helstu heilabilunarsjúkdómum og einkennum þeirra.

Leikni

- Nemandi sé vakandi fyrir hugsanlegum taugasálfræðilegum einkennum í mismunagreiningu.
- Nemandi geti séð hvenær taugasálfræðileg einkenni geti hugsanlega truflað sálfræðilega meðferð.
- Nemandi sé fær um að lesa taugasálfræðilegar greinargerðir.
- Nemandi geti lesið taugasálfræðilegar fræðigreinar á gagnrýnninn hátt

Hæfni

- Nemandi geti metið hvenær sé hugsanlega þörf á að vísa skjólstæðingi til taugasálfræðings og hvaða gagn væri að slíku mati.
- Nemandi geti leitað til klínískra taugasálfræðinga vegna skjólstæðinga sinna með markvissar spurningar í huga

Námsmat: Krossapróf í lok námskeiðs, sjúkratilfelli (einstaklingsverkefni), heimalestur og eitt hópverkefni

Kennsla: Fyrirlestrar og hópavinna

Tungumál: Íslenska

ECTS: 3